

eða hvort barnið stofni til átaka eða verði fyrir áreitni, svo dæmi séu tek-in.“

Þjóðlegur matur en engar kökur

Í samverustundinni, klukkan 11.15, slappa börnin vel af. Þar hefur hver fundið sína rassamottu eins og þau kalla hringlaga spjald með nafninu þeirra á. Gugga byrjar á að tala um hvaða dagur sé í dag og þau syngja mánaðarsönginn. Hrafnhildur, 4 ára, sem er aðstoðarmaður Guggu þennan dag, lítur út um gluggann og hugar að veðri og tilkynnir hinum að það sé léttskýjað og finnur mynd á töflu sem er fyrir ofan þau á veggnum sem lýsir veðrinu. Ágúst hjálpar henni við þetta starf. Annars situr hann kyrr og þrúður og fylgist vel með því sem fram fer.

Á haustönn í Skólatróð er það óskráð regla að ræða um vináttuna, en þá eru líka margir krakkar að byrja í leikskólanum. Krakkarnir í eldri deildinni, sem kallast Fagraholt, hafa búið sér til lista yfir það hvað sé að vera vinur. Einnig hafa þau sett saman ákveðnar samskipta-reglur. „Þegar við erum að vinna með samskipti tökum við fyrir ýmsa fleiri þætti eins og til dæmis reiðina,“ segir Gugga. „Við látum þau finna að reiði er ósköp eðlileg, en að maður verði að kunna að tjá hana á réttan hátt. Ekki bæla hana niður eða láta hendur skipta heldur með því að tala um hana.“

Þegar þau hafa rætt um lífsins gagn og nauðsynjar les Gugga fyrir þau sögu.

Klukkan er að verða 12 og það er komið að hádegisverði. Í Skólatróð er lögð sérstök áhersla á næringuna. Næringarráðgjafi hefur lagt línurnar um að maturinn sé hollur og næringarríkur. Þennan daginn er ljúffeng grænmetisúpa sem matráðuneyðingin Ásgerður Halldórsdóttir hefur lagað og brauð og ostur. Unnur segir að við matselagerðina sé fjölbreytni fæðunnar höfð að leiðarljósi og lítið notað af sykri, salti eða fitu við matargerðina. „Krakkarnir í Skólatróð fá aldrei unnar kjótvörur eða kökur. Það er þó ekki alveg rétt hjá mér, því stundum fá þau heilheitiþönnukökur og þá fá þau pínultinn sykurlit á,“ segir hún svolítið kámin. „Þegar einhver á afmæli er ekki boðið upp á kökur heldur fá þau poppkorn, sem þau eru ánægð með. Ásgerður bakar í staðinn nýtt brauð, sem þykir afar gott.“

Unnur segir að þau leggi áherslu á að hafa matinn sem þjóðlegastan. Í því skyni er tekið slátur í Skólatróð og börnin hjálpa til við að brytja mörin. Einnig er haldið þorrlót og á jólafoðustunni er borinn fram íslenskur jólamatur.

Þegar leikskólakennararnir í Skólatróð skoða matarvenjur barnanna hafa þeir að viðmiði hvernig matarlyst börnin hafa, hvort þau eru matvönd, matsár eða kunna sér ekki hóf. Þá er fylgst með færni barnanna við matarborðið eins og hvort þau sula niður, nota fingurna, nota hnif og gaffal, smyrja og hella sjálf, svo dæmi séu tekin. Ágúst er duglegur að borða en hann tekur sér góðan tíma til þess, enda þarf hann að spjalla margt við vini sína.

Í Skólatróð er einnig fylgst með svefni barnanna og koma foreldrarir inn í þann þátt. Kannadur eru svefvenjur barnsins, sefur það rólegt, sefur það eitt í rúmi, er barnið svæft og svo framvegis. En Unnur tekur það fram að næg hvíld sé undirstaða þess að barninu líði vel yfir daginn.

Eftir að matmálstíma lýkur tekur útíveran við. Ágúst fer í gallann sinn og skundar út. Fyrst hleypur hann fimm hringi í kringum leikskólann, því það á að púlsmæla hann til þess að kanna þol hans, sem er gott, en Ágúst er mikill íþróttamaður og heldur með Breiðablíki. Í útíverunni eru börnin að leika sér í rólum og sandkassa en mest aðdráttarafi hefur þó stór steinahrúga sem er á leiksvæðinu og þau klifra í.

Þegar útíveru lýkur fara börnin í eldri deildinni út í íþróttasal Kópavogsskóla sem er við hliðina á Skólatróð. Unnur segir að leikskólinn hefði fengið styrk úr þróunarsjóði leikskóla til að þróa hreyfistarf skólans og því fá börnin sérstaka íþróttatíma einu sinni í viku. Mínerva Al-



freðsdóttir leikskólakennari sem jafnframt er íþróttakennari var ráðin til að vera með börnin í þessum tímum.

Ágústi finnst gaman í íþróttatímum, sem hefjast klukkan 2.30 og segir að honum finnst skemmtilegast í bandí. Hann útskýrir hvað það er, en „það er eiginlega eins og íshokki nema ekki er leikið með skauta á fótunum heldur eru krakkarnir bara berfættir“. Mínerva byrjar tímum á því að hita börnin upp. Hún segir þeim að fimynda sér að þau séu flugvél sem fljúgi í himingimnum. Eitt barnanna í hópnum hreyfir sig ekki en situr eins og í kuðungi. Mínerva gengur til þess og

spyr hvað sé að. „Mín flugvél er biluð inni í flugskýlinu,“ segir barnið og fer hvergil!

Íþróttirnar æfðar í stórum íþróttasal

Þegar þau hafa hitað sig upp lætur Mínerva þau æfa sig á því að hoppa úr rimlunum ofan á þykka dýnu. Með þessu er hún að styrkja þau í að þora að hoppa úr hæð. Einnig gera þau ýmsar íþróttæfingar eins og að fara kollhnís, standa á höndum og hoppa á trambolíni. Þá fara þau í hópleik sem heitir Hákarlinn kemur. Hann lýsir sér þannig að börnunum er skipt í tvo hópa gullfiska og sverðfiska.

Mínerva stendur í miðjum salnum og er hákarlinn. Hún kallar á gullfiskana eða sverðfiskana og eiga þeir að synda í kringum hákarlinn og hann á að reyna að éta þá. Þetta finnst krökkunum skemmtilegur leikur ekki síst Ágústi sem æpir upp yfir sig þegar hann er étinn af hákarlinum stóra.

Það eru glöð og ánægð börn sem þramma heim í nónhressinguna, en þá er klukkan að verða 3.30. Unnur segir að nónhressingin hafi ekki haft mikið vægi til þessa í matarvenjum barna, en þær í Skólatróð hafi viljað leggja meiri áherslu á þennan matmálstíma. Fengu þær næringarráðgjafa í lið með sér sem gerði fyrir

þær nákvæma útlistun á því hvað ætti að hafa í nónhressingu. Við vorum í marga mánuði að þróa þennan lista,“ segir hún.

Þegar Ágúst hefur borðað nægju sína fer hann að sinna listinni. Hann setur á sig málarasvuntu, tekur sér pensil í hönd og tekur sér stöðu fyrir framan málaratröðurnar. „Listsköpun er einn þeirra þátta þar sem við skoðum færni barnanna. Við höfum rekið okkur á það að þegar börnin hafa hreyft sig mikið þá er eins og spretti fram þörf til listsköpunar,“ segir Unnur. „Í listsköpun þjálfar þau finhreyfingar og læra að þekkja efni og líti. Þegar við metum listsköpun skoðum við teikningar barnanna, meðal annars hvernig teikningetan hefur þróast. Við skoðum einnig finhreyfingarnar og virkni við listsköpunina, svo eitthvað sé nefnt.“

Þegar er tekið að halla og klukkan er að verða 4.20 þegar hér er komið sögu og senn líður að því að börnin fari heim. Dagskráin er þó ekki allveg á enda, því eftir er jógaþími hjá Guðrúnu Hvönn Sveinsdóttir jóga- og grunnskólakennara. Reyndar átti jógaþíminn, sem er einu sinni í viku, ekki að vera í dag, en vegna þess að við vorum í heimsókn var ákveðið að gefa okkur innsýn í hann. Í jógaþímanum kennir Guðrún Hvönn þeim hvernig hægt er að styrkja og teygja vöðva líkamans og á eftir slaka þau á undir hlýju teppi. Þegar Ágúst stendur upp eftir tímum segir hann að stundum þegar Guðrún gleymi tónlistinni sem hún spilar þegar þau slaka á láti hún þau hlusta á niðinn í ofninum í staðinn. Hvort ætli honum finnst skemmtilegra? Að hlusta á ofninn,“ segir hann hiklaust!

Það hefur verið fróðlegt og ánægjulegt að fylgjast með starfinu í Skólatróð og þó að Ágúst sé búinn að vera allan daginn í leikskólanum er hann brattur, en það verður þó örugglega þreyttur drengur sem leggst á koddann í kvöld.

FJÖLSKYLDUBÍLLINN sem þú breytir í SENDIFERÐABÍL með einu handtaki!




R+ Hleðslurými



R+ Aðgangur



R+ Akstursegginleikar



SUZUKI WAGON R+

= 4x4 DRIF
= ÖRYGGI
= LIPURÐ
= RÝMI
= ÚTSÝNI

Þröfaðu...
þú færð ekki betur útbúinn
bíl á þessu verði

WAGON R+ er nýr fjölnota bíll frá Suzuki. Með frumlegri og skemmtilegri hönnun hefur tekist að sameina í einum bíl, nettan sendiferðabíl og rúmgóðan fjölskyldubíl með R+notagildi, R+öryggi og R+þægindum í fyrirrúmi.

Framhjóladrifinn
1.079.000 kr.
4X4 með ABS
1.259.000 kr.

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
Heimasíða: www.suzukibilar.is

